

Nd.

106. Nefndarálit

um frv. til laga um utanríkisþjónustu erlendis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta rækilega á tveim fundum og leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirgreindum

BREYTINGUM.

1. Við 2. og 3. gr. Í stað greinanna komi ein grein, 2. gr., svo látandi:
Ríkisstjórnin ákveður með tilskipun, á hvaða stöðum ræðismenn skuli vera, og skipar þá. Ræðismenn eru ýmist sendir utan af ríkisstjórninni (sendiræðismenn) eða kjörnir meðal þeirra manna, er hæfir þykja (kjörræðismenn), á þeim stöðum erlendis, er ríkisstjórnin telur æskilegt.
Ræðismenn eru ýmist aðalræðismenn, ræðismenn eða vararæðismenn.
2. Við 4. gr., sem verður 3. gr. Greinin orðist svo:
Laun sendiherra skulu vera 10000 kr. Laun sendifulltrúa og sendra aðalræðismanna skulu vera 8000 kr. Laun sendiræðismanna skulu vera 4200 kr. Auk þess skulu sendimenn (sendiherrar, sendifulltrúar og sendiræðismenn) fá greiddar launabætur (staðaruppbætur), sem ríkisstjórnin ákveður fyrir hvern stað, miðað við kostnað lífsnauðsynja (fæðis, húsnæðis o.s.frv.) á dvalarstaðnum.
Óheimilt er sendimönnum að taka laun eða þóknun fyrir aukastörf.
3. 5. gr. verður 4. gr.
4. Við 6. gr., sem verður 5. gr. Greinin orðist svo:
Nú starfa tveir eða fleiri fulltrúar fyrir ríkisstjórnina í sama landi, og setur hún þá fyrirmæli um embættisafstöðu þeirra hvers til annars.
Falið skal sendiráðum að annast ræðismannsstörf jafnframt öðrum störfum.
5. Við 7. gr., sem verður 6. gr.
Sendimönnum, sem veita forstöðu sendiráðum eða ræðismannsskrifstofum, er heimilt að fara með þau störf í umdæmum sínum, sem notarius publicus fer með á Íslandi og varða löggerninga íslenzkra ríkisborgara, og einnig ef annar aðilinn er útlendur ríkisborgari. Skjöl, sem þannig eru gefin út á löglegan hátt, skulu hafa sama gildi á Íslandi og notarialskjöl, sem þar eru gefin út.
Ef ástæða er til, getur ríkisstjórnin veitt kjörræðismönnum sömu heimild og ræðir um í fyrri málsgr. þessarar greinar.
6. Við 8. og 9. gr. Í stað greinanna komi ein grein, sem verður 7. gr., svo hljóðandi:
Kostnaður samkv. lögum þessum greiðist úr ríkissjóði. Heimilt er, ef mjög ríkar ástæður eru fyrir hendi, að greiða kjörræðismönnum allt að 2000 kr. skrifstofufé.
7. Við 10. gr., sem verður 8. gr. Greinin orðist svo:
Fyrir embættisverk fulltrúa utanríkisráðuneytisins erlendis skal greiða gjald eftir nánari fyrirmælum, sem ríkisstjórnin setur með reglugerð.
8. Við 11. gr., sem verður 9. gr. Greinin orðist svo:
Ríkisstjórnin setur almennar starfsreglur fyrir fulltrúa utanríkisráðuneytisins erlendis, ákveður starfssvið þeirra og setur þeim erindisbréf.
9. Við 12. gr. Greinin verður 10. gr.
10. Við fyrirsögn frv. Fyrirsögn frv. verði svo:
Frumvarp til laga um fulltrúa utanríkisráðuneytisins erlendis.

Alþingi, 27. marz 1941.

Bergur Jónsson,
form., frsm.

Vilmundur Jónsson,
fundaskr.

Gísli Guðmundsson.

Garðar Þorsteinsson.

Jóh. G. Möller.

Fylgiskjal I.

UTANRÍKISMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 6. marz 1941.

Ráðuneytið hefur mótttekið bréf háttvirtrar allsherjarnefndar neðri deildar Alþingis, dags. 4. þ. m., þar sem æskt er upplýsinga ráðuneytisins um kostnað við utanríkisþjónustuna síðastliðið ár, nákvæmlega sundurliðaðan. Af þessu tilefni leyfir ráðuneytið sér að skýra frá því, að það getur því miður ekki gefið eins nákvæmar upplýsingar um þennan kostnað á árinu 1940 og æskilegt hefði verið, því að enn hafa ekki horizt skilagreinar frá sendiráðunum íslensku erlendis fyrir árið sem leið. Hins vegar hefur ráðuneytið samið eftirfarandi yfirlit um kostnaðinn við utanríkismálin 1940 eftir þeim upplýsingum, sem fyrir hendi eru nú, til þess að gefa háttvirtri nefnd hugmynd um þennan kostnað fyrir nefnt ár, eftir því sem næst verður komizt.

1. Utanríkismálaráðuneytið.
 - a. Skrifstofustjóri kr. 6000.00
 - b. Fulltrúi — 6436.00
(þar með talin laun fyrir störf hjá forsætisráðun.)
 - c. 2 aðstoðarmenn — 7940.00
 - d. Ritari frá 1. júlí 1940 — 1355.00

kr. 21731.00

N. B. Verðlagsuppbætur fyrir árið 1940 ekki taldar með.
2. Skrifstofa Sveins Björnssonar sendiherra, Reykjavík.

Sendiherra hélt fullum launum út árið 1940, sem námu á árinu alls kr. 52250.00 samkv. fjárlögunum, og þar með talin laun, húsaleiga og kostnaður við embættið.

Skrifstofan tók til starfa 1. júní 1940, og hefur sendiherra því fengið greitt frá þeim tíma til 31. des. 1940 kr. 30478.00

Skrifstofukostnað frá 1. júní til 21. des. 1940, skv. skilagrein sendiherra, þar með talið húsnæði og aðstoð — 4697.00

— 35175.00
3. Sendiráðið í Kaupmannahöfn:
 - a. Laun sendiherra, þar með talið húsnæði og kostnaður við embættið frá 1. janúar til 1. júní 1940 kr. 21770.00
 - b. Skrifstofukostnaður árið 1940, þar með talin laun Jóns Krabbe til 1. maí 1940 — 22000.00
 - c. Laun Jóns Krabbe frá því Sveinn Björnsson fór frá Kaupmannahöfn, eða frá 1. maí til 31. des. 1940, danskar kr. 1000.00 pr. mánuð, eða d. kr. 8000.00, ca. íslenskar krónur — 10000.00

— 56770.00

N. B. Vantar skilagrein fyrir allt árið 1940. Þess ber að geta, að Sveinn Björnsson kom heim til Íslands ásamt frú sinni á árinu og var ferðakostnaður þeirra greiddur úr ríkissjóði.
4. Sendiráðið í Stokkhólmi:
 - a. Laun sendifulltrúans frá 1. júlí til 31. desember 1940, ca. kr. 15500.00
 - b. Húsnæði, aðstoð o. fl., ca. — 6000.00

— 21500.00

N. B. Vantar skilagrein 1940, símskeytakostnaður vafalaust mikill.

 - c. Laun Vilhjálms Finsen sem viðskiptafulltrúa í Osló frá 1. jan. 1940 til 7. júlí 1940, norskar kr. 1000.00 pr. mán., ca. íslenskar krónur — 9000.00

5. Sendiráðið í London:
- a. Laun sendifulltrúans frá 1. maí 1940 til 31. des. 1940, £ 100-0-0 pr. mán., ca. íslenskar kr. 20800.00
- b. Húsaleiga frá 1. ágúst 1940 til 31. des. 1940, ca. 400.00 kr. pr. mán., ca. — 2000.00
- kr. 22800.00
- N. B. Vantar skilagrein 1940.

6. Aðalræðismannsskrifstofan, New York:
- a. Fyrsti aðalræðismaðurinn, Vilhjálmur Þór, hefur ekki enn gert reikningsskil, en áætla má, að kostnaðurinn hafi numið 1000 dollurum pr. mán. eða 8000 dollurum frá 1. jan. til 1. sept. 1940, ca. kr. 52000.00
- b. Samkvæmt reikningsskilum aðalræðismanns Thor Thors hefur kostnaður við skrifstofuna frá 1. sept. 1940 til 31. des. 1940 verið \$ 4839 minus tekjur \$ 563, eða ca. — 27800.00
- 79800.00

Greiðslan til utanríkismálaráðuneytisins danska, sem verið hefur danskar kr. 12000.00 á ári, mun hafa verið greidd til 1. júlí 1940 — 7500.00

Þess ber að geta, að engar samninganefndir störfuðu erlendis á árinu, en kostnaður við samninga seint á árinu 1939 mun vera færður á ríkisreikning fyrir árið 1940.

Til frekari upplýsinga um kostnaðinn við utanríkisþjónustuna, sendir ráðuneytið hér með háttvirtri allsherjarnefnd eintak af áætlun um kostnað við utanríkismálin 1942, sem ráðuneytið samdi samkv. tilmælum fjármálaráðuneytisins vegna undirbúnings frumvarps til fjárlaga fyrir árið 1942.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Til allsherjarnefndar neðri deildar Alþingis, hér.

Fylgiskjal II.

UTANRÍKISMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 29. jan. 1941.

AFRIT

Áætlun um kostnað við utanríkismálin 1942.

Fjárlög, 10. gr., I. 3 a. 6.

Utánríkismálaráðuneytið kr. 49100.00

Sundurliðun:

Skrifstofustj.: gr. laun	kr. 6000.00	
Fulltrúi (M. V. M.), laun	— 4036.67	
	+ — 2400.00	
Aðstoðarm. (Sv. Ó.) laun	— 2500.00	
	+ — 1240.00	
1. Skrifari (K. Ó.) laun	— 4200.00	
2. skrifari (H. P.) laun	— 2500.00	
	— 22876.67	

Skrifstofa Sveins Björnssonar, sendiherra:

Sendiherra: gr. laun og embættiskostn.	kr. 18000.00	
Fulltrúi (H. Sv.): gr. laun	— 4036.37	
Skrifari (G. E. P.) gr. laun	— 1800.00	
Húsaleiga, hiti og ljós	— 2400.00	
	— 26236.67	

Aths. Ráðuneytið telur rétt að gera ráð fyrir, að kostnaður við utanríkismálaráðuneytið 1942 geti ekki

orðið minni en sem svarar kostnaði við ráðuneytið og skrifstofu Sveins Björnssonar sendiherra.

Fjárlög, 10. gr. III.
Utanríkismál.
Sundurliðun:

Til sendiráðsins í Kaupmannahöfn:

a. Laun sendifulltrúa	kr. 8000.00	
b. Húsaleiga og kostnaður við embættið	— 16000.00	
c. Til skrifstofuhalds	— 22000.00	
		kr. 46000.00

Aths. Samkv. áætlun ráðherra.

Til sendiráðsins í Stokkhólmi:

a. Laun sendifulltrúa	kr. 8000.00	
b. Húsal. og kostnaður við embættið	— 24000.00	
c. Til skrifstofuhalds	— 17000.00	
		— 49000.00

Aths. Umsamin laun sendifulltrúa samtals kr. 20000 sænskar á ári, skrifstofuleiga og skrifstofuhjálp mun vera um kr. 8000 sænskar á ári, og svo áætlaður annar kostnaður, fyrir símskeyti o. fl., kr. 5000.

Til sendiráðsins í London:

a. Laun sendifulltrúa	kr. 8000.00	
b. Húsal. og kostnaður við embættið	— 23000.00	
c. Til skrifstofuhalds	— 30000.00	
		— 61000.00

Aths. Laun sendifulltrúa samkv. samningi 100 £ á mán. Skrifstofukostnaður: húsaleiga um 4 £ á viku, en núverandi launagr. aðstoðarfólks, sem greiddar eru af viðskiptanefnd sem stendur, munu nema 632 £ á ári. Þykir réttara að gera ráð fyrir, að kostnaður til skrifstofuhalds geti allur komið á rikissjóð, og að áætla verði svipað og nú er, að viðbættri nokkurri upphæð fyrir símskeytakostnaði o. fl.

Til aðalræðismannsskrifstofunnar í New York:

a. Laun aðalræðismanns	kr. 8000.00	
b. Húsaleiga og kostnaður við embættið	— 35000.00	
c. Til skrifstofuhalds	— 34000.00	
		— 77000.00
		kr. 233000.00

Aths. Laun aðalræðismanns tilfærð samkv. samningi við hann, er hann tók við embættinu, og kostnaður til skrifstofuhalds miðaður við það, sem reynslan hefur sýnt síðastl. 4 mánuði síðasta árs, en samkv. því yrði allur kostnaður fyrir aðalræðismannsskrifstofuna, að frádregnum tekjum, rétt um \$ 1000 á mánuði.

Fjárlög 10. gr. III. 2, 4 og 5:

Tillaga er gerð um, að ársgreiðslan til danska utanríkismálaráðuneytisins (verði hún nokkru sinni greidd hér eftir) og kostnaður við sambandslaganefndina verði hér eftir heimfært undir liðinn: **Kostnaður vegna samninga við erlend ríki**, og að sá liður yrði áætlaður t. d. kr. 60000, þ. e. kr. 20000 hækkun frá því, sem er í fjárlögum fyrir 1941.

Með því að ekkert liggur fyrir um viðurkenningu á fiskifulltrúa Íslands í Miðjarðarhafslöndunum sem sendifulltrúa Íslands á Spáni og/eða Portúgal, er að svo stöddu gert ráð fyrir, að fjárveiting til hans haldist óbreytt á öðrum lið fjárlaganna.